Tillaga að ályktun um eldisgjöld og endurskoðun hafnalaga

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið á Patreksfirði 27.–28. október 2026, skorar á innviðaráðherra og Alþingi að ljúka án frekari tafa endurskoðun gjaldtökuákvæða hafnalaga nr. 61/2003 og tryggja að hafnir geti innheimt réttmæt gjald fyrir þjónustu og innviði hafna. Þá ítrekar þingið mikilvægi þess að þegar gerðar eru breytingar á hafnalögum sé gætt að breytingum sem hafa orðið í hlutverki hafna þegar nýjir atvinnuvegir byggjast upp.

Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson fyrir hönd stjórnar Fjórðungssamband Vestfirðinga

Greinargerð

Fjórðungsþing leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

1. **Skýr lagastoð fyrir eldisgjöldum.** Í 17. gr. hafnalaga verði kveðið skýrt á um heimildir hafna til gjaldtöku vegna fiskeldis.
2. **Gjöld sem standa undir kostnaði.** Gjaldtakan taki mið af þeirri þjónustu og þeim hafnarmannvirkjum sem fiskeldið nýtir vegna starfsemi sinnar. Tekjurnar þurfa að standa undir byggingu, rekstri, viðhaldi og endurnýjun þeirra.
3. **Mismunandi hlutverk hafna.** Leiðréttur verði aðstöðumunur milli hafna þar sem eldisfiski er landað og þjónustuhafna. Þjónustuhafnir bera kostnað af starfseminni en geta í dag ekki innheimt gjöld.
4. **Fóður og flutningar utan hafnarsvæða.** Skýrt verði hvort og hvernig hafnir geti tekið gjöld af fóðri og öðrum flutningum sem fara beint á fóðurpramma og kvíar. Slíkir flutningar krefjast hafnaraðstöðu fyrir þjónustubáta þótt varan fari aldrei inn á hafnarsvæðið.
5. **Fyrirsjáanlegur gjaldstofn.** Gjaldstofnar verði skilgreindir þannig að hafnir geti treyst á þá í áætlanagerð og sannreynt upplýsingar sem gjaldtakan byggir á.
6. **Aðkoma sveitarfélaga.** Fulltrúar hafna og sveitarfélaga þar sem fiskeldi er stundað hafi aðkomu að endurskoðuninni.

Fiskeldi hefur aukið umsvif hafna á Vestfjörðum verulega. Hafnirnar þjónusta brunnbáta, fóðurflutninga og þjónustubáta, og kröfur um aðstöðu, viðlegukanta og dýpi hafa vaxið að sama skapi. Gjaldtökuheimildir hafnalaga taka hins vegar fyrst og fremst mið af hefðbundnum sjávarútvegi og eru óskýrar gagnvart fiskeldi.

Eldisgjöld falla aðeins til þar sem eldisfisk er landað til slátrunar. Þau sveiflast með slátrun og geta dregist verulega saman milli ára ef vinnsla stöðvast. Þjónustuhafnir sem gegna lykilhlutverki fyrir starfsemi sjókvíaeldis hafa ekki tekjur af eldisgjaldi. Óvissa hefur einnig ríkt um heimildir til töku vörugjalda af fóðri sem flutt er beint á fóðurpramma.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vesturbyggð hefur ítrekað vakið athygli á þeim vanköntum sem eru í hafnalögum og óskaði eftir endurskoðun 17. gr. hafnalaga. Reynt hefur á gjaldtökuna fyrir dómi þar sem Landsréttur taldi gjaldtöku óheimila á grundvelli hafnarlaga á þeim grundvelli að eldisfiskur væri ekki sjávarafli. Á árinu 2024 voru stigin mikilvæg skref í þá átt þegar ákvæðum hafnalaga var breytt og höfnum veitt lagaheimild til að innheimta m.a. eldisgjald. Hafa hafnirnar þó bent á að skýra þurfi nánar heimildir hafnalaga þannig að unnt sé að taka réttmætt gjald fyrir þá þjónustu sem hafnir veita. Við undirbúning breytinga á hafnalögum þarf einnig að gæta að þeim breytingum sem orðið hafa á hlutverki hafna og nýtingu hafnarmannvirkja, þegar kemur að nýjum eða breyttum atvinnugreinum, líkt og fiskeldi eða ferðaþjónustu.